



SJÚKRAFLUTNINGASKÓLINN

FSA – Eyrarlandsvegi – 600 Akureyri



KENNSLUSKRÁ
SKÓLAÁRIÐ 2011 – 2012

EFNISYFIRLIT

Almennar upplýsingar.....	4
Vettvangshjálpi.....	5
Grunnnámskeiði í sjúkraflutningum (EMT-B).....	6
Neyðarflutninganámskeiði (EMT-I).....	9
Endurmenntunarnámskeiði.....	11
1. Fyrir sjúkraflutningamenn (EMT-B).....	11
2. Fyrir neyðarflutningamenn (EMT-I).....	11
Sérhæfð endurlífgun I (ILS - Immediate life support).....	12
Sérhæfð endurlífgun II (ALS = Advanced life support).....	13
Upprifjunarnámskeiði í sérhæfðri endurlífgun II.....	14
Búnaðarnámskeiði.....	15
Bráðasjúkdómar fullorðinna.....	16
Vettvangsmeðferð og flutningur slasaðra.....	17
Greiningarsveitarnámskeiði.....	18
Björgun úr bílflökum - aðkoma heilbrigðisstarfsmanna.....	19
Sérhæfð bráðameðferð utan spítala.....	20



Hluti neyðarflutningsnema á útskrift skólans 14. maí 2011

Hlutverk

Hlutverk Sjúkraflutningaskólans samkvæmt samningi milli Heilbrigðisráðuneytisins (nú Velferðarráðuneytisins) og FSA er að skipuleggja, stjórna og sjá um menntun sjúkraflutningamanna á Íslandi.

Stjórn Sjúkraflutningaskólans

Porvaldur Ingvarsson, forstjóri FSA – formaður
Sverrir Björn Björnsson, formaður LSS - ritari
Árún K. Sigurðardóttir, forseti Heilbrigðisvísindasviðs HA
Sveinn Magnússon, skrifstofustjóri skrifstofu velferðarþjónustu

Fagráð Sjúkraflutningaskólans

NN - (FSA)
Brynjar Friðriksson, deildarstjóri – (SHS)
Sveinbjörn Dúason, sjúkraflutningamaður - (Slökkvilið Akureyrar)
Jón G. Knutsen, sjúkraflutningamaður - (RKÍ)
Sveinbjörn Berentsson, sjúkraflutningamaður - (LSS)
Viðar Magnússon, yfirlæknir bráðarþjónustu utan spítala – (LSH)
Hafdís Skúladóttir, lektor - (HA)

Skólastjóri Sjúkraflutningaskólans

Hildigunnur Svavarsdóttir, hjúkrunarfræðingur

- Sími: **4630 100 / 860 0588**
- Netfang: hildig@fsa.is

Verkefnastjóri Sjúkraflutningaskólans

Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir, bráðahjúkrunarfræðingur

- Sími: **4630 853 / 898 7557**
- Netfang: hrafnhildur@fsa.is
- Vefsíða: **www.ems.is**

Almennar upplýsingar

Fyrirkomulag skólastarfs

Skólastarf verður með hefðbundnu sniði skólaárið 2011 – 2012 og hefjast námskeið á vegum skólans í september 2011. Formleg skólaslit eru áætluð **föstudaginn 18. maí 2012**. Umsjónarkennarar verða með flestum námskeiðum til að tryggja samræmingu á kennslu og þjálfun nemenda. Verkefnastjóri veitir allar frekari upplýsingar um námskeið.

Framboð á námskeiðum

Að vanda verða mörg námskeið í boði á skólaárinu 2011-2012 og ættu allir að finna námskeið við sitt hæfi. Dagsetningar námskeiða eru birtar með fyrirvara um breytingar og verða allar upplýsingar um námskeið settar inn á vef skólans www.ems.is.

Að gefnu tilefni skal bent á að enn er beðið eftir breytingum á námi sjúkraflutningamanna. Tillögur um breytingarnar er í höndum Velferðarráðuneytisins og er hér miðað við gildandi námskrá landlæknis varðandi inntökuskilyrði og fyrirkomulag námskeiða fyrir sjúkraflutningamenn. Allar breytingar á náminu og framboði námskeiða verða kynntar á vef skólans þegar þar að kemur.

Leiðbeinendur á námskeiðum eru m.a. sjúkraflutningamenn, hjúkrunarfræðingar, ljósmæður og læknar sem hafa reynslu og þekkingu á sviði bráðameðferðar og kennslu.

Kostnaður námskeiða

Verð námskeiða sem gefin eru upp í kennsluskránni miðast við lágmarksfjölda þátttakenda og er áskilinn réttur til hækkunar námskeiðsgjalda ef farið er fram á að námskeiðið verði haldið þrátt fyrir að lágmarksfjöldi sé ekki náð. Geisladiskur með kennslugögnum er innifalinn í verði á grunn- og neyðarflutninganámskeiði og námskeiðinu Vettvangshjálpi. Að öðru leyti verða kennslugögnin aðgengileg fyrir þátttakendur námskeiða á vef skólans.

Skráning á námskeið

Almennt þarf skráningu og greiðslu staðfestingargjalds námskeiðs að vera lokið eigi síðar en fjórum vikum fyrir auglýstan námskeiðstíma nema annað sé tekið fram. Skráning á námskeið fer fram á vef skólans. Ef lágmarksfjöldi næst ekki er áskilinn réttur til að fella niður námskeið.

*Mikilvægt er að gögn vegna inntökuskilyrða á grunn- og neyðarflutninganámskeið berist verkefnastjóra **eigi síðar** en auglýstri skráningu námskeiðs lýkur. Staðfestingargjald þarf síðan að greiða eigi síðar en viku eftir skráningarlok ef taka á umsóknina til greina (sjá nánar í upplýsingum um námskeið).*

Kennslubækur

Kennslubækur eru **ekki** innifaldar í verði námskeiðanna nema annað sé tekið fram. Kennslubækurnar er hægt að kaupa hjá bóksölu stúdenta (sími 570 0777) eða panta þær á vef bóksölnnar www.boksala.is

Upplýsingar

Séu óskir um sérsniðin námskeið þá skal hafa samband við verkefnastjóra sem gefur frekari upplýsingar.

Vettvangshjálp

Umsjónarkennari: Jón G. Knutsen

Netfang: jknutsen@akureyri.is

Inntökuskilyrði

Námskeiðið er fyrir einstaklinga sem eru líklegir til að verða fyrstir á vettvang slysa s.s. lögreglu-, slökkviliðs- og björgunarsveitarmenn.

Markmið

Að nemendur verði færir um að veita fyrstu bráðaþjónustu áður en sjúkraflutningamenn koma á staðinn.

Innihald

Námskeiðið er byggt á viðurkenndum bandarískum staðli og staðfært að íslenskum aðstæðum. Inniheldur bæði bóklega og verklega kennslu. Í kennslunni er m.a. fjallað um öryggi og sóttvarnir, líffæra- og lífeðlisfræði, lífsmörk, öndunarhjálp, endurlífgun, skoðun og mat, meðhöndlun áverka, björgun úr bílflökum og hópslys svo eitthvað sé nefnt.

Námsmat

Námskeiðinu lýkur með prófi, bæði bóklegu og verklegu. Krafist er 75% árangurs úr námsefninu auk skyldumætingar í fyrirlestra og verklegar æfingar.

Tímalengd

Námskeiðið samanstendur af 40 klukkustundum. Fyrirkomulag kennslu getur verið sérsniðið s.s. kennsla virka daga frá 08:00 – 17:00 / kvöldkennsla / helgarkennsla.

Tíma- og staðsetning – Námskeiðin verða auglýst síðar á vef Sjúkraflutningaskólans www.ems.is. Auk þess er námskeiðið haldið að beiðni þeirra sem áhuga hafa ef tilskyldum lágmarksfjölda er náð.

Þátttakendafjöldi

Lágmarksfjöldi miðast við 12 nemendur.

Kennsluefni.

- American Academy of Orthopaedic Surgeons (AAOS), (2011). *Emergency medical responder, 5. útgáfa*. Jones & Bartlett Learning. ISBN-13: 9781449612672 (kennslubók og vinnubók).

Skráningafrestur

Skráning þarf að liggja fyrir á vef skólans eigi síðar en **4 vikum** fyrir auglýstan námskeiðstíma.

Námskeiðskostnaður

- **Verð Kr. 80.000.** Innifalið er geisladiskur með kennslugögnum og viðurkenningarskjal.
- **Skráningargjald kr. 15.000** þarf að vera greitt eigi síður en 3 vikum fyrir auglýstan námskeiðstíma. Skráningargjald dregst af heildarverði.

- Athugið að ekki er hægt að fella niður greiðsluseðil eftir að nám er hafið. Ef tilkynnt er um forföll innan tveggja vikna áður en að námið hefst fæst skráningargjald ekki endurgreitt.

Grunnnámskeið í sjúkraflutningum (EMT-B)

Að gefnu tilefni skal bent á að enn er beðið eftir breytingum á námi sjúkraflutningamanna. Tillögur um breytingarnar er í höndum Velferðarráðuneytisins og er hér miðað við gildandi námskrá landlæknis varðandi inntökuskilyrði og fyrirkomulag námskeiða fyrir sjúkraflutningamenn. Allar breytingar á náminu og framboði námskeiða verða kynntar á vef skólans þegar þar að kemur.

Inntökuskilyrði

Umsækjandi skal hafa lokið 60 eininga námi í framhaldsskóla og hafa innan við tveggja ára gamalt skírteini í skyndihjálpi, að lágmarki 8 kennslustundir. Æskilegt er að viðkomandi hafi lokið leigubílahluta meiraprófs (en slíkt er nauðsynlegt til að geta starfað sem sjúkraflutningamaður). Námskeiðið er öllum opið en forgang hafa þeir sem starfa við sjúkraflutninga hjá viðurkenndum rekstraraðila.

Markmið

Að nemendur verði færir um að tryggja öryggi á vettvangi og meta ástand sjúklings. Þeir þurfa einnig að geta meðhöndlað og flutt sjúkling(a) á viðeigandi hátt.

Innihald

Námskeiðið er byggt á viðurkenndum bandarískum EMT staðli (Emergency Medical Technician) og inniheldur bæði bóklega og verklega kennslu. Í fyrirlestrunum er m.a. fjallað um starf sjúkraflutningamanna, öryggi, sóttvarnir og heilsuvernd. Líffæra- og lífeðlisfræði, lífsmörk, öndunarhjálp, endurlífgun, skoðun og mat, almenna flutningstækni, skráningu og skýrslugerð, fæðingarhjálp, meðhöndlun sára og áverka svo eitthvað sé nefnt. Nemendur fá einnig viðeigandi verklega þjálfun í ofangreindum kennsluþáttum. Nemendur þurfa að ljúka 16 klukkustunda starfsþjálfun hjá viðurkenndum rekstraraðila í sjúkraflutningum sem uppfylla kröfur um starfsþjálfun.



Námsmat

Grunnnámskeiðinu lýkur með prófi, bæði bóklegu og verklegu. Krafist er 75% heildarárangurs í skriflegu prófi, en námsmati í bóklegum hluta er skipt upp í nokkur minni próf auk lokaprófs. Nemendur skulu standast verkleg próf. Farið er fram á **skyldumætingu** í fyrirlestra og verklegar æfingar. Að prófi loknu geta þátttakendur sótt um löggildingu sem sjúkraflutningamenn.

Athugið að til þess að starfa sem sjúkraflutningamaður þar viðkomandi að hafa fengið löggildingu sem sjúkraflutningamaður og vera með gilt meirapróf.

Tímalengd

Námskeiðið samanstendur af 128 klukkustundum (bókleg, verkleg kennsla og starfsþjálfun).

Þátttakendafjöldi

Lágmarksfjöldi miðast við 12 nemendur á öllum grunnnámskeiðum

Kennslufni.

- Stoy, W., Platt, T. og Lejeune, D. (2011). Mosby's EMT-Basic Textbook, revised reprint 2nd edition **ISBN 13:** 978-0-323-08529-8
- Vinnubók fyrir "EMT-Basic Textbook"

EMT-B(25) - Grunnnámskeið verður haldið á Akureyri á tímabilinu 19. september - 7. október 2011. Námskeiðið er staðarnámskeið og fer kennsla fram á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Bókleg og verkleg kennsla fer fram alla virka daga, að jafnaði frá 08.00-17.00

Umsjónarkennari: Jón G. Knutsen

Netfang: jknutsen@akureyri.is

EMT-B(26) - Grunnnámskeið sem fer fram með notkun streymis (streaming = í gegnum internetið). Nemandi þarf að hlusta á um 14 kennslustundir á viku á tímabilinu **19. september – 6. nóvember 2011**. Fyrirkomulagið verður þannig að fyrirlestrar fara fram á FSA og verða þeir sendir út á veraldarvefnum (internet). Nemendur utan Akureyrar geta séð og heyrt fyrirlestra hvar sem þeir eru staddir svo framarlega sem þeir hafa tölvu með hljóðkort og góða nettengingu. Hægt verður að fylgjast með kennslustundinni á meðan hún fer fram eða skoða fyrirlesturinn seinna. Staðsetning og fyrirkomulag verklegrar kennslu fer eftir því hvaðan þátttakendur koma og tilkynnist síðar

Umsjónarkennari: Jón G. Knutsen

Netfang: jknutsen@akureyri.is

Athugið að mögulegt er að bókleg kennsla EMTB-26 verði samkeyrð með EMT-B25 það breytir þó ekki því að áhorf nemenda á fjarnámskeiðinu er um 14 klst. á viku.

EMT-B(27) - Grunnnámskeið sem fer fram með notkun streymis (streaming = í gegnum internetið). Kennsla fer fram tvisvar í viku á tímabilinu **21. febrúar – 14. apríl 2012**. Fyrirkomulagið verður þannig að fyrirlestrar fara fram á FSA og verða þeir sendir út á veraldarvefnum (internet). Nemendur utan Akureyrar geta séð og heyrt fyrirlestra hvar sem þeir eru staddir svo framarlega sem þeir hafa tölvu með hljóðkort og góða nettengingu. Hægt verður að fylgjast með kennslustundinni á meðan hún fer fram eða skoða fyrirlesturinn seinna. Staðsetning og fyrirkomulag verklegrar kennslu fer eftir því hvaðan þátttakendur koma og tilkynnist síðar

Umsjónarkennari: Auglýst síðar á vef skólans

Netfang:

Skráningafrestur

- **EMT-B(25)** – skráning þarf að liggja fyrir eigi síðar en **21. ágúst 2011**.
- **EMT-B(26)** – skráning þarf að liggja fyrir eigi síðar en **21. ágúst 2011**.
- **EMT-B(27)** – skráning þarf að liggja fyrir eigi síðar en **22. janúar 2012**.

Umsækjendur verða að skrá sig á vef skólans og senda gögn til staðfestingar inntökuskilyrðunum (ljósrít af einingafjölda (lágmark 60 einingar) og þátttöku á skyndihjálparnámskeiði) áður en skráningu lýkur.

Gögnin skulu hafa borist verkefnastjóra fyrir ofangreindan tíma á eftirfarandi heimilisfang:

Sjúkraflutningaskólinn / FSA
b.t. Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir, verkefnastjóri
Eyrarlandsvegi,
600 Akureyri.



Farið verður yfir allar umsóknir um leið og skráningu lýkur og hafa þá umsækjendur viku til að staðfesta setu sína á námskeiðinu með greiðslu skráningargjalds.

Námskeiðskostnaður

- **Verð - Kr. 197.000 streymisnámskeið.** Innifalið er geisladiskur með kennslugögnum og viðurkenningarskjal.
- **Verð - Kr. 190.000 staðarnámskeið.** Innifalið er geisladiskur með kennslugögnum og viðurkenningarskjal.
- **Skráningargjald kr. 15.000** þarf að vera greitt eigi síður en 3 vikum fyrir auglýstan námskeiðstíma. Skráningargjald dregst af heildarverði.
- *Athugið að ekki er hægt að fella niður greiðsluseðil eftir að nám er hafið. Ef tilkynnt er um forföll innan tveggja vikna áður en að námið hefst fæst skráningargjald ekki endurgreitt.*

Neyðarflutninganámskeið (EMT-I)

Umsjónarkennari: Sveinbjörn Dúason

Netfang: sduason@simnet.is

Inntökuskilyrði

Að umsækjandi starfi við sjúkraflutninga, hafi lokið grunnnámskeiði í sjúkraflutningum og fengið starfsleyfi (löggildingu) sem sjúkraflutningamaður. Umsækjandi þarf að hafa starfað í a.m.k. 36 mánuði sem sjúkraflutningamaður.

Markmið

Að gera nemendur færa um að meta ástand mikið veikra og slasaðra sjúklinga, taka ákvörðun um og beita allri nauðsynlegri og viðeigandi bráðameðferð.

Innihald

Námskeiðið inniheldur bæði bóklega og verklega kennslu. Námskeiðið inniheldur m.a. kynningu á starfi neyðarflutningamanna, líffæra-, lífeðlis- og lyfjafræði. Öndunaraðstoð, lyflæknisfræði s.s. bráða öndunar- og hjartasjúkdóma, sykursýki, ofnæmi, heila- og taugavandamál og kvensjúkdóma.

Ennfremur er farið í mismunandi áverka, áverkaferli, blæðingar, lost og bruna. Farið er yfir sérstakar aðstæður s.s. bráðatilfelli tengd meðgöngu og fæðingu, ungbörn, börn og aldraða. Í framhaldi af bóklegri og verklegri kennslu fer fram viðamikil starfsþjálfun á sjúkrahúsi (slysa- og hjartadeild) og á neyðarbíl SHS. Nemendur vinna með þjálfunarskrá undir eftirliti leiðbeinenda í starfsþjálfuninni og skila henni í lok starfsþjálfunar. Auk þess er nemendum gert að vinna með vinnubók tengt kennslubókinni.



Námsmat

Námskeiðinu lýkur með prófi, skriflegu og verklegu ásamt mati á vinnubók og þjálfunarskrá nemanda. Krafist er 75% heildarárangurs í skriflegu prófi, en námsmati í bóklegum hluta er skipt upp í nokkur minni próf auk lokaprófs. Mikilvægt er að nemandinn leitist við að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í þjálfunarskránni. Farið er fram á **skyldumætingu** í fyrirlestra og verklegar æfingar.

Tímalengd

Námskeiðið skiptist í þrjá hluta sem samtals eru 317 klukkustundir.

1. bókleg kennsla **112** klukkustundir.
2. verkleg kennsla **80** klukkustundir.
3. Starfsþjálfun **125** klukkustundir.

Tíma- og staðsetning

Neyðarflutninganámskeið staðarnámskeið 14. nóvember – 16. desember 2011

Kennsla fer fram á Akureyri alla virka daga frá 08:00-17:00 Starfsþjálfun á sjúkrahúsi fer fram á LSH og FSA en starfsþjálfun á neyðarbíl fer fram hjá SHS. Starfsþjálfun þarf að vera lokið fyrir **7. maí 2012**.

Neyðarflutninganámskeiðið streymisnámskeið 14. nóvember 2010 – 17. febrúar 2012

Bókleg kennsla fer fram með notkun streymis (streaming = í gegnum internetið). Fyrirkomulagið verður þannig að fyrirlestrar fara fram á FSA og sendir út á veraldarvefinn (internet). Nemendur utan Akureyrar geta séð og heyrt fyrirlestra hvar sem þeir eru staddir svo framarlega sem þeir hafa tölvu með hljóðkorti og góða nettengingu. Hægt verður að fylgjast með kennslustundinni á meðan hún fer fram eða skoða fyrirlesturinn seinna. Miðað er við að nemendur horfi á 12-16 klst af fyrirlesturum í hverri viku. Staðsetning og fyrirkomulag verklegrar kennslu fer eftir því hvaðan þátttakendur koma og tilkynnist síðar. Starfsþjálfun á sjúkrahúsi fer fram á LSH og FSA en starfsþjálfun á neyðarbíl fer fram hjá SHS. Starfsþjálfun þarf að vera lokið fyrir **7. maí 2012**.

Þátttakendafjöldi

Lágmarksfjöldi miðast við 12 nemendur.

Kennslufni

- Shade, B., Rothenberg, M., Wertz, E., Jones, S. og Collins, T. (2011). EMT-Intermediate Textbook for the 1999 National Standard Curriculum. Mosby JEMS ISBN 13: 978-0-323-08494-9
- Shade, B., Rothenberg, M., Wertz, E., Jones, S. og Collins, T. (2011). EMT-Intermediate Workbook for the 1999 National Standard Curriculum. Mosby JEMS ISBN 13: 978-0-323-08494-9
- European Resuscitation Council (2010). Immediate Life Support. ERC guidelines 2010 edition.

Skráningafrestur

- **Neyðarflutninganámskeiðið staðarnámskeið** – skráning þarf að liggja fyrir eigi síðar en **16. október 2011**.
- **Neyðarflutninganámskeiðið streymisnámskeið** – skráning þarf að liggja fyrir eigi síðar en **16. október 2011**.

Gögn til staðfestingar inntökuskilyrðunum (ljósrít af starfsleyfi (löggilding) hjá Velferðarráðuneyti (áður Heilbrigðis- og Tryggingamálaráðuneyti) og staðfesting á starfsferli sem sjúkraflutningamaður í 36 mánuði) skulu hafa borist fyrir ofangreindan tíma til verkefnastjóra:

*Sjúkraflutningaskólinn / FSA
b.t. Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir, verkefnastjóri
Eyrarlandsvegi,
600 Akureyri.*

Námskeiðskostnaður

- **Verð - Kr. 300.000 staðarnámskeið**. Innifalið er geisladiskur með kennslugögnum og viðurkenningarskjal.
- **Verð - Kr. 315.000 streymisnámskeið**. Innifalið er geisladiskur með kennslugögnum og viðurkenningarskjal.
- **Skráningargjald kr. 15.000** þarf að vera greitt eigi síður en 4. vikum fyrir auglýstan námskeiðstíma en það dregst af heildarverði

- Athugið að ekki er hægt að fella niður greiðsluseðil eftir að nám er hafið. Ef tilkynnt er um forföll innan tveggja vikna áður en að námið hefst fæst skráningargjald ekki endurgreitt.

Endurmenntunarnámskeið

1. Fyrir sjúkraflutningamenn (EMT-B)

Sjúkraflutningamenn sem hafa lokið almennu grunnnámskeiði í sjúkraflutningum þurfa að sækja endurmenntun sem samsvarar 24 klukkustundum á tveggja ára fresti. Sjúkraflutningaskólinn er með ákveðnar áherslur í endurmenntun sem breytast milli ára en einnig er hægt að fá sérsniðin námskeið eftir ósk eða þörf hvers og eins.

2. Fyrir neyðarflutningamenn (EMT-I)

Sjúkraflutningamenn sem hafa lokið neyðarflutninganámskeiði þurfa að sækja endurmenntun sem samsvarar 36 klukkustundum á tveggja ára fresti. Sjúkraflutningaskólinn er með ákveðnar áherslur í endurmenntun sem breytast milli ára en einnig er hægt að fá sérsniðin námskeið eftir ósk eða þörf hvers og eins.

Endurmenntunarnámskeið skólaársins 2008-2009 fólst í námskeiðum í sérhæfðri endurlífgun I og II (ILS, ALS). Skírteini sem nemendur fengu eftir þau námskeið gilda til þriggja ára og renna því út veturinn 2011-2012. Nýjar leiðbeiningar í endurlífgun voru einnig gefnar út af evrópska endurlífgunarráðinu (ERC) í október 2010. Af þessum sökum verður áherslan í endurmenntun þessa starfsárs lögð á námskeið í sérhæfðri endurlífgun I og II. Auk þess verður boðið upp á búnaðarnámskeið 8 klst, námskeið í bráðasjúkdómum fullorðinna 8 klst og vettvangsmeðferð og flutning slasaðra 16 eða 8 klst.

Megin markmiðið er að nemandinn viðhaldi starfsréttindum sínum sem sjúkraflutningamaður og auki við þekkingu og þjálfun í ljósi breytinga hverju sinni.

Inntökuskilyrði

Umsækjendur verða að hafa sótt almennt sjúkraflutninganámskeið og fengið starfsleyfi (löggingingu) sem sjúkraflutningamenn.

Tíma- og staðsetning námskeiða

Gengið er út frá því að lágmarksfjöldi þátttakenda á öll endurmenntunarnámskeið verði tólf. Staðsetning og tímasetning námskeiða verður í samráði við rekstraraðila og auglýst með góðum fyrirvara á vef skólans www.ems.is

Námskeiðskostnaður

Mismundandi eftir gerð námskeiða og auglýst á vef skólans.

Purfi að senda leiðbeinanda á námskeiðsstað bætist sá kostnaður ofan á þ.e. ferðakostnaður, ferðatími og upphald. Gert er ráð fyrir að útvegað verði kennsluhúsnæði og kennslubúnaður.

Sérhæfð endurlífgun I (ILS - Immediate life support)

Markhópur

Heilbrigðisstarfsfólk sem kemur sjaldan að endurlífgun en þarf samt að geta brugðist við og tekið þátt í endurlífgun t.d. hjúkrunarfræðingar, hjúkrunarfræði- og læknanemar og sjúkraflutningamenn.

Markmið

Markmiðið er að þjálfa heilbrigðisstarfsfólk í aðgerðum til að koma í veg fyrir hjartastopp, beita grunnendurlífgun þ.e. hjartahnoði öndunarhjálp og rafstuði þar til sérhæfð aðstoð berst. Tilgangurinn með þeirri þjálfun felst í því að gera starfsmanninn færari um að taka þátt í endurlífgun sem meðlimur teymisins.

Innihald

Námskeiðið er byggt á stöðlum evrópska endurlífgunarráðsins (útgefnar í október 2010) og kennt samkvæmt því. Námskeiðið er samsett af fyrirlestrum, verklegum æfingum og umræðum. Í fyrirlestrum er farið yfir orsakir og forvarnir hjartastopps og vinnuferla við endurlífgun. Í verklegum stöðvum er lögð áhersla á frumskoðun og endurlífgun, öndunarhjálp og teymisvinnu í endurlífgun. Mest er áhersla á verklegar æfingar og virka þátttöku nemandans.

Námsmat

Símat er stöðugt á námskeiðinu.

Tímalengd

Námskeiðið er 8 klukkustunda langt.

Tíma- og staðsetning

Námskeiðin eru haldin að beiðni stofnana og endurlífgunarráðs Íslands .

Þátttakendafjöldi

Lágmarksfjöldi miðast við 12 nemendur.



Kennslubók

- *European Resuscitation Council (2010). Immediate Life Support. ERC guidelines 2010 edition.*

Námskeiðskostnaður

Verð - Kr. 27.000. Innifalið er kennslubók, og viðurkenningarskjal frá evrópska endurlífgunarráðinu.

Þurfi að senda leiðbeinanda á námskeiðsstað bætist sá kostnaður ofan á þ.e. ferðakostnaður, ferðatími og uppihald. Gert er ráð fyrir að útvegað verði kennsluhúsnæði á staðnum.

Sérhæfð endurlífgun II (ALS = Advanced life support)

Inntökuskilyrði

Námskeiðið er fyrir bráðataekna, lækna og hjúkrunarfræðinga.

Markmið

Markmiðið er að þjálfa heilbrigðisstarfsfólk í aðgerðum til að koma í veg fyrir hjartastopp og að þeir séu færir um að veita sérhæfða endurlífgun og stjórna aðgerðum á vettvangi. Markmiðið er jafnframt að undirbúa reynda meðlimi endurlífgunarteyma í að meðhöndla sjúklinginn þar til flutningur á sérhæfða deild / sjúkrahús er mögulegur.

Innihald

Námskeiðið er byggt á stöðlum evrópska endurlífgunarráðsins (útgefnar í október 2010) og kennt samkvæmt því. Námskeiðið er samsett af fyrirlestrum, verklegum æfingum og umræðum. Farið er í orsakir og forvarnir hjartastopps, bráða hjartasjúkdóma, taktruflanir, rafmeðferð, vinnuferla við endurlífgun, öndunarhjálp og endurlífgun við sérstakar aðstæður. Mikil áhersla er lögð á verklegar æfingar og þátttöku nemandans.

Námsmat

Símat er stöðugt á námskeiðinu og ljúka þarf forprófi, krossaprófi og verklegu prófi.

Tímalengd

Námskeiðið er 20 klukkustunda langt auk tíma sem fer í próf.

Tíma- og staðsetning

Námskeiðin eru haldin að beiðni stofnana og endurlífgunarráðs Íslands.

Þátttakendafjöldi

Lágmarksfjöldi miðast við 12 nemendur.



Kennslufni

- European Resuscitation Council (2010). *ERC Advanced Life Support. ERC Guidelines 2010 Edition.*

Námskeiðskostnaður

Verð - Kr. 80.000. Innifalið er kennslubók, og viðurkenningarskjal frá evrópska endurlífgunarráðinu.

Þurfi að senda leiðbeinanda á námskeiðsstað bætist sá kostnaður ofan á þ.e. ferðakostnaður, ferðatími og uppihald. Gert er ráð fyrir að útvegað verði kennsluhúsnæði á staðnum.

Upprifjunarnámskeið í sérhæfðri endurlífgun II

Inntökuskilyrði

Námskeiðið er upprifjunarnámskeið fyrir þá sem hafa þegar tekið námskeið í sérhæfðri endurlífgun II og vilja endurnýja skírteinið sitt.

Markmið

Markmiðið er að þjálfa heilbrigðisstarfsfólk í aðgerðum til að koma í veg fyrir hjartastopp og að þeir séu færir um að veita sérhæfða endurlífgun og stjórna aðgerðum á vettvangi. Markmiðið er jafnframt að undirbúa reynda meðlimi endurlífgunarteyma í að meðhöndla sjúklinginn þar til flutningur á sérhæfða deild / sjúkrahús er mögulegur.

Innihald

Um upprifjunarnámskeið er að ræða sem byggist á stöðlum evrópska endurlífgunarráðsins (útgefnar í október 2010) og kennt samkvæmt því. Megin áhersla er á verklegar æfingar og þátttöku nemandans í endurlífgunarteymi. Auk þess verður upprifjun á orsökum og forvörnum hjartastopps, bráðum hjartasjúkdómum, taktruflunum, rafmeðferð, vinnuferlum við endurlífgun, öndunarhjálp og endurlífgun við sérstakar aðstæður.

Námsmat

Símat er stöðugt á námskeiðinu og ljúka þarf krossaprófi og verklegu prófi í lok námskeiðs.

Tímalengd

Námskeiðið er 8 klukkustunda.

Tíma- og staðsetning

Námskeiðin eru haldin að beiðni stofnana og endurlífgunarráðs Íslands.

Þátttakendafjöldi

Lágmarksfjöldi miðast við 12 nemendur.

Kennslufni

- European Resuscitation Council (2010). *ERC Advanced Life Support. ERC Guidelines 2010 Edition.*

Námskeiðskostnaður

Verð - Kr. 40.000. Innifalið er kennslubók, og viðurkenningarskjal frá evrópska endurlífgunarráðinu.

Purfi að senda leiðbeinanda á námskeiðsstað bætist sá kostnaður ofan á þ.e. ferðakostnaður, ferðatími og uppihald. Gert er ráð fyrir að útvegað verði kennsluhúsnæði á staðnum.

Búnaðarnámskeið

Inntökuskilyrði

Námskeiðið er fyrir löggilta sjúkraflutningamenn en er ennfremur opið öðru heilbrigðisstarfsfólki sem getur starfs síns vegna þurft að koma að flutningi slasaðra svo sem lækna, hjúkrunarfræðinga, hjúkrunarfræði- og læknanema.

Markmið

Megin markmiðið er að nemandinn viðhaldi og auki þekkingu og þjálfun sína á þeim búnaði sem hann getur þurft að nota í störfum sínum.

Viðfangsefni

Námskeiðið er samansett af fyrirlestrum og verklegum æfingum tengdum bráðabúnaði sjúkrabíla, svo sem notkun CPAP, LTS túbu, uppsetningu beinmergnálar, notkun monitora (síríta) og úrlestur hjartalínurita, notkun öndunarvéla, togspelku, bakbrettis, hálskraga o.fl.

Athugið að í samráði við verkefnastjóra er hægt er að óska eftir mismunandi samsetningu á því hvaða búnaður er tekin fyrir á námskeiðinu í takt við þarfir rekstraraðila.

Námsmat:

Símat er stöðugt á námskeiðinu.

Námsefni:

Útbýti frá skólanum

Tíma- og staðsetning

Námskeiðin eru haldin að beiðni rekstraraðila

Þátttakendafjöldi

Lágmarksfjöldi miðast við 12 nemendur.

Námskeiðskostnaður

8 klst. námskeið kr. 17.500



Bráðasjúkdómar fullorðinna

Inntökuskilyrði

Umsækjendur verða að hafa sótt almennt sjúkraflutninganámskeið og fengið starfsleyfi (löggingu) sem sjúkraflutningamaenn.

Markmið

Megin markmiðið er að nemandinn viðhaldi starfsréttindum sínum sem sjúkraflutningamaður og auki við þekkingu og þjálfun í ljósi breytinga hverju sinni.

Viðfangsefni

Námskeiðið er samansett af fyrirlestrum og verklegum æfingum tengdum bráðasjúkdómum fullorðinna. Meðal annars er fjallað um meðhöndlun sjúklinga með sykursýki, bráða öndunarfæra- og taugakerfissjúkdóma s.s. krampa og heilablóðfall o.fl.

Námsmat:

Símat er stöðugt á námskeiðinu.

Námsefni:

Útbýti frá skólanum

Tíma- og staðsetning

Námskeiðin eru haldin að beiðni rekstraraðila.

Þátttakendafjöldi

Lágmarksfjöldi miðast við 12 nemendur.

Námskeiðskostnaður

8 klst. námskeið kr. 17.500



Vettvangsmeðferð og flutningur slasaðra

Inntökuskilyrði

Umsækjendur verða að hafa sótt almennt sjúkraflutninganámskeið og fengið starfsleyfi (löggildingu) sem sjúkraflutningamenn.

Markmið

Tilgangurinn er að þjálfa sjúkraflutningamenn í vettvangsmeðferð og mati áverkasjúklinga, s.s. áverkamati og fyrstu merkjum losts. Tilgangurinn með þeirri þjálfun felst í því að gera sjúkraflutningamanninn færari um að greina alvarleika áverka, fyrstu meðferð á slysstað, áframhaldandi mati og undirbúa sjúkling fyrir flutning.

Viðfangsefni

Námskeiðið er samansett af fyrirlestrum, verklegum æfingum og umræðum. Mest er áhersla á verklegar æfingar og virka þátttöku nemandans.

Námsmat:

Símat er stöðugt á námskeiðinu.

Námsefni:

Útbýti frá skólanum

Tíma- og staðsetning

Námskeiðin eru haldin að beiðni rekstraraðila hægt er að óska eftir 8 eða 16 klst. námskeiði.

Þátttakendafjöldi

Lágmarksfjöldi miðast við 12 nemendur.

Námskeiðskostnaður

8 klst. námskeið kr. 17.500

16. klst námskeið 32.000

Greiningarsveitarnámskeið

Inntökuskilyrði

Námskeiðið er ætlað fyrir heilbrigðisstarfsóls sem getur þurft að starfa í greiningarsveit samkvæmt viðbragðsáætlun stofnunnar.

Markmið

Markmiðið með námskeiðinu er að gera heilbrigðisstarfsfólk hæfari til að sinna hlutverki sínu innan greiningarsveitar. Á námskeiðinu er m.a. farið yfir bráðaflokkunarkerfi, hlutverk greiningarsveitar, notkun tetrastöðva auk ýmissa verkþátta er tengjast hópslysi. Í lok dags verður sett upp „mini“ æfing.

Viðfangsefni

Námskeiðið er sniðið að þörfum heilbrigðisstarfsmanna sem geta þurft að starfa í greiningarsveit þegar um hópslys er að ræða. Námskeiðið samanstendur af stærstum hluta af verklegum æfingum auk nokkurra fyrirlestra. Lesefni er dreift fyrir námskeiðið til að stytta fyrirlestrahluta þess.

Námsmat:

Símat er stöðugt á námskeiðinu.

Námsefni:

Útbýti frá skólanum

Tíma- og staðsetning

Námskeiðin eru haldin að beiðni rekstraraðila.

Þátttakendafjöldi

Lágmarksfjöldi miðast við 12 nemendur.

Námskeiðskostnaður

8 klst. námskeið kr. **20.000**



Björgun úr bíflökum - aðkoma heilbrigðisstarfsmanna

Inntökuskilyrði

Umsækjandi þarf að vera sjúkraflutningamaður, slökkviliðsmaður, læknir eða hjúkrunarfræðingur sem fer á slysstað starfs síns vegna. Áhersla er lögð á mikilvægi góðrar teymisvinnu hjá þeim sem vinna að björgun sjúklinga úr bíflaki.

Markmið

Að nemandinn geti metið ástand hins slasaða í bíflaki, veitt viðeigandi meðhöndlun og séð um flutning hins slasaða úr bíflakinu.

Innihald

Áhersla er lögð á hinn slasaða sem fastur er í bíflakinu. Atriði sem tekin eru fyrir eru meðal annars aðkoma að bíflaki, öryggi á vettvangi, hvernig nálgast skuli hinn slasaða, hvernig hægt að er búa til vinnupláss, meðhöndlun sjúklinga og flutningur. Einnig er kynning á helstu aðferðum björgunar úr bíflaki með notkun tækja.

Tímalengd

Námskeiðið er 12 klukkustunda langt.

Tíma- og staðsetning

Haldið að beiðni.

Þátttakendur

Lágmarksfjöldi miðast við 12 nemendur á námskeið.

Kennslufni.

Útbýti.

Námskeiðskostnaður

Verð - Kr. 27.500. Innifalið er útbýti og viðurkenningarskjal

Þurfi að senda leiðbeinanda á námskeiðsstað bætist sá kostnaður ofan á þ.e. ferðakostnaður, ferðatími og uppihald. Gert er ráð fyrir að útvegað verði kennsluhúsnæði á staðnum.



Sérhæfð bráðameðferð utan spítala

Eftir áramót 2011-2012 er á döfnni námskeið í sérhæfði bráðameðferð utan spítala. Áhersla námskeiðsins er mikilvægi góðrar teymisvinnu allra heilbrigðisstétta.

Frekari upplýsingar um námskeiðið munu birtast á vef skólans www.ems.is

Inntökuskilyrði

Umsækjandi þarf að vera heilbrigðisstarfsmaður veitir slösuðum / veikum fyrstu meðferð utan spítala starfs síns vegna.

Markmið

Að nemandinn geti metið ástand hins veikra / slasaðra utan sjúkrahúsa, veitt viðeigandi meðhöndlun þar til á sjúkrahús kemur. Áhersla er lögð á mikilvægi góðrar teymisvinnu.